

Alþingi
Erindi nr. P 138/1474
komudagur 29.3.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. mars 2010
Tilvísun: 2010030052/90.12
SE/BH
Tölvupóstur 18.03.2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög, þskj. 14 - mál 14.

Með tölvubréfi dags. 18. mars sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Frumvarpið er að mestu samhljóða frumvarpi um sama efni, sem lagt var fram á 136. löggjafarþingi, 44. mál, þskj. 44. Vegagerðin gaf umsögn um það frumvarp og gerði athugasemdir við nokkur efnisatriði þess (sjá meðfylgjandi). Afstaða Vegagerðarinnar er óbreytt og eru fyrri athugasemdir við frumvarpið hér með ítrekaðar.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri



Nefndasvið Alþingis
Gautur Sturluson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 04. desember 2008
Tilvísun: 2008110010/90.12
SE/KHS/BH
4.11.2008.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Með bréfi dags. 04.11. sl. var óskað umsagnar Vegagerðarinnar um frumvarp til laga um almenningssamgöngur, heildarlög.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé efling almenningssamgangna sem lið í að bæta samgöngur og draga úr neikvæðum áhrifum þeirra.

Vegagerðin tekur undir að æskilegt geti verið að bæta almenningssamgöngur og margt í frumvarpinu sem er til þess fallið að stuðla að því. Vegagerðin vill þó benda á að í frumvarpinu er vísað til annarrar löggjafar um efnið, einkum laga um samgönguáætlun og laga um fólks- og vöruflutninga á landi, og vakna spurningar um hvort ástæða sé til sérstakrar lagasetningar um þetta efni fremur en að ráðast í endurskoðun á fyrirliggjandi löggjöf.

Vegagerðin gerir einnig athugasemd við þann þátt sem snýr að forræði og ábyrgð á almenningssamgöngum hvað varðar almenningssamgöngur á landi. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að sveitarfélög beri ábyrgð á almenningssamgöngum með bifreiðum innan sveitarfélaga en ríkið að öðru leyti. Er þar vísað til fyrirkomulags einkaleyfa á sérleyfisakstri samkvæmt lögum um fólks- og vöruflutninga á landi. Vegagerðin bendir á að almenningssamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins eru milli sveitarfélaga. Önnur sveitarfélög hafa óskað eftir að fá einkaleyfi, sbr. væntanleg einkaleyfi til Árborgar, Hveragerðis, Borgarbyggðar, Samtaka sveitarfélaga á Suðurnesjum, Eyþings og Héraðsnefndar Eyjafjarðar. Eðlilegra væri að horfa frekar til samstarfs milli sveitarfélaga fremur en að fela ríkinu alfarið forræði almenningssamgangna milli sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Hreinn Haraldsson, vegamálastjóri.